

Umhverfisstofnun Áb. SF KLA
21 FEB. 2008 54.55
Tilv. UST20080100153

Skipulagsstofnun  
Þóroddur F. Þóroddsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24  
IS-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 15. febrúar 2008

Tilvísun: UST20080100153/klá


### Tilkynning vegna beiðni um umsögn um tillögu að matsáætlun vegna efnistöku á botni Faxaflóa.

Umhverfisstofnun hefur borist erindi Skipulagsstofnunar dags. 22. janúar sl. þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um tillögu Björgunar ehf. að matsáætlun vegna efnistöku á botni Faxaflóa. Með bréfi dagsettu 10. desember 2007 sendi Umhverfisstofnun athugasemdir sínar vegna tillögu að matsáætlun vegna efnistöku á hafsbotni í Hvalfirði þar sem stofnunin taldi að matsáætlunin uppfyllti ekki skilyrði 13. gr. reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum. Þessi sjónarmið stofnunarinnar voru ítrekuð í bréfi dagsettu 16. janúar 2008.

Við skoðun á tillögu Björgunar að matsáætlun vegna efnistöku á botni Faxaflóa kemur í ljós að tillagan er um margt keimlík tillögu að matsáætlun á botni Hvalfjarðar. Með vísun til fyrri bréfa stofnunarinnar um tillögu að matsáætlun vegna Hvalfjarðar mun stofnunin ekki hefja vinnu við yfirferð yfir tillögu að matsáætlun vegna Faxaflóa fyrr en fyrir liggur niðurstaða Skipulagsstofnunar um hvort tillaga að matsáætlun vegna efnistöku á botni Hvalfjarðar uppfylli skilyrði 13. gr. reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum þar sem sú niðurstaða gæti verið fordæmisgefandi hvað varðar síðara málið.

Meðfylgjandi eru gögn sem sýna hvernig staðið er að málum er varða efnistöku af hafsbotni í Englandi.

Virðingarfyllst

  
Sigrós Friðriksdóttir



Hjalti J. Guðmundsson  
sviðsstjóri

Meðfylgjandi: Marine Mineral Guidance 1: Extraction by dredging from the English seabed.  
Development of a risk assessment framework: MARA (Marine Aggregates Extraction Risk Assessment) Framework. Final technical report.